



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 5/2015

um endurgreiðslu númeragjalda

I.

Erindið

Þann 18. febrúar 2015 barst Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) ósk Miðlunar ehf. um endurgreiðslu á númeragjöldum vegna símanúmeranna 1800 og 1881 fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. ágúst 2014.

Vísaði Miðlun til þess að ósiðlegt og jafnvel ólöglegt væri fyrir PFS að innheimta gjöldin því ekki hafi verið hægt að nota númerin á umræddu tímabili sökum þess að PFS hefði ekki skapað starfsskilyrði fyrir notkun þeirra.

Kemur erindið til PFS í framhaldi af fundi sem stofnunin átti með Miðlun þann 21. febrúar sl., sbr. nánar hér að neðan, þar sem að stofnunin gerði grein fyrir forsendum þess að hún gæti ekki fellt niður númeragjöld eða endurgreitt slík gjöld, til dæmis vegna meints forsendubrests. Var Miðlun leiðbeint að það gæti sent stofnuninni rökstutt erindi þar sem fyrirtækinu gæfist kostur á að andmæla sjónarmiðum stofnunarinnar sem hún tæki síðan kærlega ákvörðun um.

II.

Fyrri samskipti

2.1 Tölvupóstur Miðlunar til PFS dags. 25. nóvember 2014

Í tölvupósti Miðlunar til PFS frá 25. nóvember 2014 kemur fram að félaginu hafi borist reikningar vegna símanúmeranna 1444, 1800 og 1881 fyrir árin 2013 og 2014. Í bréfinu óskar Miðlun eftir því að gerður verði nýr reikningur fyrir símanúmerið 1444 sem verði greiddur án tafar en að reikningar vegna 1800 og 1881 verði felldir niður fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. ágúst 2014. Þá óskar félagið einnig eftir því að sendur verði nýr reikningur fyrir símanúmerin 1800 og 1881 á 1800 ehf. vegna tímabilsins 1. september 2014 til 31. desember 2014.

2.2 Svar PFS við tölvupósti Miðlunar 3. desember 2014

PFS svaraði fyrirspurn Miðlunar með tölvupósti þann 3. desember 2014 þar sem fram kom að PFS gæti ekki orðið við beiðni Miðlunar um niðurfellingu skuldar þar sem númerin hefðu á því tímabili sem rukkunin tók til verið á hendi félagsins.

2.3 Tölvupóstur Miðlunar til PFS dags. 26. janúar 2015

Í tölvupósti Miðlunar til PFS frá 26. janúar sl. kom fram að félagið myndi greiða reikningana með fyrirvara þar sem félagið væri ekki sannfært um lögmæti innheimtunnar. Máli sínu til stuðnings vísar Miðlun til þess að það sé verkefni PFS að skapa aðstæður til þess að notkun númeranna sé möguleg og að það hafi PFS ekki gert á þessu tímabili nema að mjög takmörkuðu leyti.

2.4 Fundur PFS og Miðlunar 21. febrúar 2015

Þann 21. febrúar sl. funduðu fulltrúar PFS og forsvarsmenn Miðlunar vegna málsins. Á fundinum áréttaði Miðlun þá ósk sína að áður nefnd gjöld yrðu felld niður. Á fundinum útskýrði PFS afstöðu sína til málsins og ástæðu þess að stofnunin teldi sér ekki stætt að verða við beiðninni auk þess sem PFS leiðbeindi Miðlun að senda inn formlegt erindi vegna málsins.

III.

Lagaumhverfi

3.1 Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti gilda löggin um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet og hefur PFS umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti (hér eftir fjarskiptalög), eru fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis og númer úr íslenska númeraskipulaginu auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.

Í 6. tölul. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 450/2008, um skipulag, úthlutun og notkun númera-, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta kemur fram að fjögurra stafa númer sem byrja á 14 og 18 eru til úthlutunar fyrir fjarskiptafyrirtæki sem þjónustunúmer í þeim tilgangi að veita upplýsingar tengdar þeirri fjarskiptaþjónustu sem veitt er.

Í 3. mgr. 14. gr. fjarskiptalaga kemur fram að *PFS innheimtir kr. 200.000 árlegt gjald fyrir fjögurra stafa númer.*

3.2 Skatthugtakið

Hugtakið skattur hefur verið skilgreint af fræðimönnum sem greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera.¹

¹ Jónatan Þórmundsson: Fyrirlestrar í skattarétti, bls. 2.

Í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir STS) er vikið að skattlagningu í 40. gr. þar sem segir að engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Í 77. gr. stjórnarskrárinnar segir jafnframt að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. fjarskiptalaga innheimtir PFS kr. 200.000 árlegt gjald fyrir fjögurra stafa númer. Gjaldið er bundið við ákveðna fasta fjárhæð án þess að sú fjárhæð sé í efnislegum tengslum við þann kostnað sem PFS ber vegna skráningar og umsýslu númeranna. Samkvæmt ákvæðinu er PFS ekki falið neitt mat við álagningu gjaldsins, né heldur er mælt fyrir um einhverjar undantekningar varðandi álagningu þess eða afsláttar á því við tilteknar kringumstæður. Er því ljóst að gjaldið er í eðli sínu skattur en ekki þjónustugjöld. Þar sem gjöldin teljast skattur er það niðurstaða stofnunarinnar að henni sé óheimilt að afnema slíka skattlagningu nema með sérstakri lagaheimild sbr. 40. gr. og 77. gr. STS.

Hvað varðar þá málsástæðu Miðlunar að um forsendubrest hafi verið að ræða fellst PFS ekki á þá málsástæðu þar sem fyrirtækjum sem hefur verið úthlutað stutt númerum er ávallt heimilt að skila þeim aftur til stofnunarinnar. Ljóst er hins vegar að Miðlun sýndi enga tilburði til þess og því augljóslega metið það svo að ákveðnir hagsmunir hafi verið í því fólgnir að halda númerunum.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða stofnunarinnar að ekki beri að fallast á kröfu Miðlunar um endurgreiðslu gjaldanna.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun fellst ekki á kröfu Miðlunar ehf. um endurgreiðslu númeragjalda fyrir símanúmerin 1800 og 1881 vegna tímabilsins 1. janúar 2013 til 31. ágúst 2014.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sbr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og 5. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Sem neytanda ber kvartanda þó ekki að greiða umrætt málskotsgjald.

Reykjavík, 9. mars 2015

Hrafnkell V. Gíslason

Maríjon Ósk Nóadóttir